



Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur  
Borgartúni 12-14  
105 Reykjavík

## Leiðbeiningar um fyrirkomulag á nesti fyrir leikskólabörn með fæðuofnæmi eða óþol

Heilbrigðiseftirlitið gerir ekki athugasemdir við að börn sem eru með fæðuofnæmi eða óþol komi með mat að heiman í leikskólann eða skólann.

Mælt er með að maturinn komi í lokuðum ílátum sem auðvelt er að strjúka af með sápuvatni eða spritti og að það sé gert þegar tekið er á móti barninu/matnum. Einnig að boxið fari heim með barninu í lok dags.

Hafa ber í huga að fæðuofnæmi/óþol er af ýmsum toga og því rétt að upplýsa foreldra sem koma með nesti fyrir börn sína ef eitthvert barn í hópnum er með bráðaofnæmi og fara fram á að þeir setji ekki í nestisboxið það sem mögulega gæti valdið því t.d. jarðhnetur.

Að öðru leyti gilda sömu reglur og venjulega um aðskilnað við neyslu matarins þannig að allri njóti.

Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur  
25. mars 2020